Niðurstaða dómsins er því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.700.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Jónsson, greiði stefnanda, Gunnari Briem, kr. 3.710.00 með 34% ársvöxtum frá 16. febrúar 1981 til 1. júlí s.á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 10. apríl 1984.

Nr. 39/1982. **Bæjarsjóður Eskifjarðar**
(Björn Jónsson hdl.)
gegn
**Ragnari Sigurmundssyni**
(Sigurður Georgsson hdl.)

Gatnagerðargjald. Sýkna. 67. gr. stjórnarskrár. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. febrúar 1982. Hann hefur fengið áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.116.91 krónu með 10% ársvöxtum frá 1. nóvember 1975 til 1. júlí 1976, 10% ársvöxtum af 837.68 krónum frá þeim degi til 1. júlí 1977, 10% ársvöxtum af 558.45 krónum frá þeim degi til 1. júlí 1978, og 10% ársvöxtum af 279.22 krónum frá þeim degi

til 1. júlí 1979. Þá er krafist mánaðarlegra vanskilavaxta sem hér segir: 2% af 353.69 krónum frá 1. júlí 1976 til 20. nóvember 1976, 2.5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1977, 2.5% af 822.80 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, 3% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1978, 3% af 1.404.72 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 4% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1979, 4% af 2.231.61 krónu frá þeim degi til 1. september 1979, 4.5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1980, 4.75% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1980, 4.75% af 3.442.25 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1981, 4.5% af 5.395.73 krónum frá þeim degi til 20. apríl 1982, 4% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1982, en 4% af 8.255.45 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1983, 5% af 12.878.45 krónum frá þeim degi til 20. október 1983, 4.75% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. des. 1983, 3.25% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 2.5% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Loks er þess krafist, að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gatnagerðargjald það, sem um er fjallað í máli þessu, var lagt á samkvæmt 3., 4. og 5. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 og reglugerð nr. 430/1975. Það var lagt á eigendur fasteigna við Strandgötu á árinu 1975 vegna slitlags, sem sett hafði verið á götuna árið 1973. Hér var um sérstæða skattlagningu að ræða tengda tiltekinni framkvæmd, sem lauk um tveim árum áður en lög og reglugerð um hana voru sett. Verður ekki séð, að stefndi eða aðrir eigendur fasteigna við Strandgötu hafi getað séð það fyrir árið 1973 eða haft ástæðu til að búast við því þá, að þeim yrði einhvern tíma síðar einum gert að greiða kostnaðinn við þessa framkvæmd. Máttu þeir og gera ráð fyrir því árið 1975, er gatnagerðargjaldið var lagt á þá, að skattlagningu miðað við fjárhag þeirra 1973 væri lokið. Verður þessi skattlagning því ekki talin fá staðist eftir 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ber af þeim sökum að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarsjóður Eskifjarðar, greiði stefnda Ragnari Sigurmundssyni, 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

## Sératkvæði
## Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 4. greinar laga nr. 51/1974, sbr. 1. grein laga nr. 31/1975, um álagningu gatnagerðargjalds samkvæmt 3. grein laganna styðst við þá stjórnskipulegu heimild, sem almenni löggjafinn hefur samkvæmt 77. grein stjórnarskrár nr. 33/1944 til að leggja skatta á þjóðfélagsþegnana almennt eða á tiltekna hópa þeirra eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu. Verður ekki talið, að það hafi verið andstætt umræddri meginreglu, sem skylt er að gæta við skattlagningu, er lagaákvæði þetta batt heimild til álagningar gjaldsins við fasteignaeigendur eina, og við þá eina þeirra á meðal, er fasteignir áttu við þær götur, sem lagðar höfðu verið eða lagðar yrðu bundnu slitlagi hverju sinni. Haggar það ekki þessari niðurstöðu, að lögin kveða á um, að eigendur fasteigna við þær götur, sem bundnu slitlagi hafi verið lagðar fyrir meira en fimm árum, skuli vera undanskildir gjaldskyldu samkvæmt lögunum, en það var í því skyni gert að takmarka afturvirkni laganna. Samkvæmt þessu verður ekki á það fallist með stefnda, að umrætt lagaákvæði brjóti gegn þeirri stjórnskipulegu vernd, sem eignarétturinn nýtur samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar. Verður sýknukrafa hans því ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Stefndi bendir enn fremur á það sýknukröfu sinni til stuðnings, að framangreind lög séu afturvirk að því er tekur til gatnagerðargjalds af fasteign hans með þeim hætti, að honum sé með lögunum

gert að greiða gatnagerðargjald vegna slitlags, sem lagt var fyrir gildistöku laganna. Afturvirkni laga sé andstæð anda stjórnarskrárinnar og af þeirri ástæðu fái gjaldheimta þessi ekki staðist.

Það er lögskýringarregla, að nýjum lögum verði ekki beitt afturvirkt þjóðfélagsþegnunum til óhagræðis, ef lögin mæla ekki fyrir um annað. Í stjórnarskrá nr. 33/1944 hafa hins vegar ekki verið tekin ákvæði, sem almennt banni afturvirka lagasetningu, svo sem dæmi eru til í stjórnskipunarrétti annarra ríkja. Lagaákvæði, sem ótvírætt og afdráttarlaust lýsa sig afturvirk, verða því ekki virt að vettugi af dómstólum vegna þess, að almenna löggjafann bresti til þess vald samkvæmt stjórnskipunarlögum að kveða á um afturvirkni laga, sem hann setur. Verður sýknukrafa stefnda því ekki heldur tekin til greina á þeim grundvelli, að heimild sú, sem sveitarstjórnum er veitt í 4. grein laga nr. 51/1974, sbr. 1. grein laga nr. 31/1975, til að innheimta gjald samkvæmt 3. grein laganna fái ekki staðist vegna stjórnarskrárbundins banns við afturvirkni laga.

Ákvæði nefndrar 4. greinar og 5. greinar laga nr. 51/1974 um fjárhæð gjalds, sem innheimta megi samkvæmt 3. grein laganna, eru ekki skýrt orðuð og tengsl milli efnisreglna þeirra óljós. Mælir 5. grein laganna fyrir um almenna ákvörðun gjaldsins í samþykkt, þar sem gjaldið á að fara eftir stærð lóðar og/eða rúmmáli húss, notkun þess og gerð, en 4. grein setur þau takmörk, að gjald af fasteignum við götu, sem bundið slitlag er lagt á eða gangstéttir lagðar við, megi aðeins nema „allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir." Er hins vegar ekki nánar tilgreint, hverjar séu „þessar framkvæmdir", sem við á að miða, þegar „meðalkostnaður" er fundinn.

Í 2. mgr. 6. greinar framangreindra laga segir, að hið sérstaka gatnagerðargjald, sem hér er um að ræða, verði þá fyrst gjaldkræft, er lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Er þetta önnur regla en gildir samkvæmt 1. málsgrein greinarinnar um hið almenna gatnagerðargjald samkvæmt 1. grein laganna. Bendir þetta til þess, að löggjafinn hafi ætlast til þess, að fyrir lægi, hver kostnaður hefði orðið af verki, áður en gatnagerðargjaldi þessu yrði jafnað niður á gjaldendur þess, og að samanlögð gjöld á fasteignaeigendur vegna lagningar slitlagsins eigi ekki að fara fram úr heildarkostnaði þessum.

Samkvæmt þessu, og þar sem fallast má á það með héraðsdómara, að í máli þessu liggi ekki fyrir svo glöggar upplýsingar af hendi áfrýjanda um kostnað við þær framkvæmdir sem um er fjallað í málinu, að séð verði með vissu, hvort álagning gatnagerðargjaldsins á stefnda samkvæmt 5. grein og 6. grein reglugerðar nr. 430/1975 sé innan þeirra takmarka, sem 4. grein laganna setur, er ég samþykkur dómsorði meiri hluta dómenda.

**Dómur bæjarþings Eskifjarðar 23. nóvember 1981.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 2. þ.m., höfðar bæjarstjórinn á Eskifirði fyrir hönd bæjarsjóðs Eskifjarðar fyrir bæjarþingi Eskifjarðar gegn Ragnari Sigurmundssyni, Strandgötu 67A, Eskifirði, með stefnu, birtri 26. júní sl.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum vangoldið gatnagerðargjald að fjárhæð kr. 1.116.91 með 10% ársvöxtum af kr. 1.116.91 frá 01. 11. 75 til 01. 07. 76, með 10% ársvöxtum af kr. 837.68 frá þeim degi til 01. 07. 77, með 10% ársvöxtum af kr. 558.45 frá þeim degi til 01. 07. 78, með 10% ársvöxtum af kr. 279.22 frá þeim degi til 01. 07. 79. Þá er krafist vanskilavaxta sem hér segir: 2% af kr. 353.69 frá 01. 07. 76 til 20. 11. 76, 2,5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 77, 2,5% af kr. 822.80 frá þeim degi til 01. 08. 77, 3% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 78, 3% af kr. 1.404.72 frá þeim degi til 01. 06. 79, 4% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 79, 4% af kr. 2.231.61 frá þeim degi til 01. 09. 79, 4.5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 06. 80, 4.75% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 80, 4.75% af kr. 3.442.25 frá þeim degi til 01. 06. 81, 4,5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 81, 4.5% af kr. 5.395.73 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þessa er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

II.

Hinn 11. júlí 1977 krafðist stefnandi með skírskotun til heimildar í lögum nr. 49, 1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks, uppboðs á fasteign stefnda, Strandgötu 67A, Eskifirði, til lúkningar þeim hluta stefnukröfunnar, sem þá var talinn fallinn í gjalddaga, kr. 822.80.

Stefndi mótmælti framgangi uppboðsins, og með úrskurði uppboðsréttar

Eskifjarðar, uppkveðnum 8. janúar 1979 var synjað um framgang þess.

Úrskurðinum var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem hann var staðfestur að niðurstöðu til og á þeim forsendum, að stefnandi hefði ekki gætt skilyrða 1. gr. laga nr. 49, 1951 um birtingu almennrar áskorunar um greiðslu umkrafinna gjalda svo og um tilkynningu til stefnda.

III.

Með 3. gr. laga nr. 51, 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld var sveitarstjórn heimilað að ákveða með samþykkt, sem ráðherra staðfesti, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til þess að setja bundið slitlag á götu í sveitarfélaginu og til þess að leggja gangstéttir.

Samkvæmt 4. gr. laganna mátti innheimta gjaldið af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Mátti gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

Með lögum nr. 31, 23. maí 1975 um breyting á áðurgreindum lögum var 4. gr. þeirra breytt á þann veg, „að innheimta má gjaldið af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár frá því slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir."

Með vísun til heimildar í nefndum lögum var sett reglugerð um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað, nr. 430, 15. september 1975, og er gjald það, sem deilt er um í þessu máli, nefnt B-gjad í reglugerðinni. Skal miða B-gjald við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, og má gjaldið vera mismunandi eftir tegund og notkun húss, svo sem nánar er lýst í reglugerðinni. Þá má bæjarstjórn hækka eða lækka gjaldstuðlana hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Þegar lagningu bundins slitlags er lokið, greiðist 20% af B-gjaldi, en eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum með gjalddögum 1. júlí. Gjaldanda er þó heimilt að halda eftir 20% gjaldsins, uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans.

Varanlegt slitlag var sett á þann hluta Strandgötu, sem hér skiptir máli, á árinu 1973, en ekki hefur enn verið lögð gangstétt þar.

B-gjald var lagt á fasteign stefnda, Strandgötu 67A, Eskifirði, á árinu 1975, samtals kr. 1.396.14, og var gjalddagi fyrstu afborgunar (20%) ákveðinn 1. nóvember 1975. Stefndi greiddi afborgunina hinn 31. desember 1975, en hefur síðan mótmælt innheimtu gjaldsins og áskilið sér rétt til þess að endurkrefja greiðsluna, sem hann innti af hendi.

IV.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda með þeim rökum fyrst og fremst, að lögin nr. 51, 1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31, 1975, séu andstæð stjórnarskrá svo og að ákvæði í reglugerð nr. 430, 1975 um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað hafi ekki stoð í tilvitnuðum lögum.

Heldur stefndi því fram, að ákvæði laga nr. 51, 1974 séu andstæð stjórnarskrá, þar eð þau heimili sveitarstjórnum að leggja skatt á fámennan hóp skattþegna í sveitarfélögum og mismuna skattþegnumm með þeim hætti. Spyr stefndi, hvers vegna ekki megi allt eins jafna kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu niður á alla íbúa við götuna, alla bíleigendur við götuna eða alla bíleigendur í sveitarfélaginu, þar sem framkvæmdin muni koma þeim best;

að afturvirkni laga nr. 31, 1975 sé andstæð anda stjórnarskrárinnar;

að álagningarákvæði reglugerðar nr. 430, 1975 séu ekki í samræmi við lög nr. 31, 1975;

að álagning á stefnda sé of há og fari langt fram úr hlutdeild hans í meðalkostnaði við að leggja bundið slitlag á Strandgötu. Skoraði stefndi á stefnanda að upplýsa, hver kostnaður var við lagningu bundins slitlags á Strandgötu á árinu 1973 og hvaða greiðslur stefnandi hafi fengið úr vegasjóði til þess að standa straum af þessum kostnaði;

að reglugerð nr. 430, 1975 sé ekki staðfest af ráðherra, eins og áskilið sé í 3. gr. laga nr. 51, 1974, heldur af starfsmanni félagsmálaráðuneytisins, og því alls óvíst, að þáverandi félagsmálaráðherra hafi vitað um eða verið samþykkur efni reglugerðar nr. 430, 1975.

Stefnandi hefur mótmælt rökum stefnda lið fyrir lið með gagnrökum. Hefur hann vísað til fordæma og rita fræðimanna til áréttingar staðhæfingu sinni um, að almenna löggjafanum hafi verið stjórnskipulega rétt að haga ákvæðum í lögum nr. 51, 1974 og 31, 1975 svo sem gert er.

Hann heldur því fram, að ákvæði laganna, sem vísa til meðalkostnaðar við framkvæmdir, sé einungis viðmiðunar- og vísiregla til leiðbeiningar um hámark gjaldtökunnar og séu álögur samkvæmt reglugerðinni í raun ekki meiri heldur en lögin leyfa.

Stefnandi hefur vakið athylgi á efni framlagðra bréfa félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélag, þar sem afstaða er m.a. tekin til álagningarreglna í reglugerð nr. 430, 1975 og þær taldar eðlilegar að öllu leyti. Þar kemur einnig fram, að um 60 nánast samhljóða reglugerðir um gatnagerðargjöld hafa verið settar í jafnmörgum sveitarfélögum, og bent á, að það muni hafa ófyrirsjáanlegar þjóðfélagsafleiðingar í för með sér, verði talið, að reglugerðin nr. 430, 1975 um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað hafi ekki stoð í lögum.

V.

Aðiljar eru sammála um, að reglugerðin nr. 430, 1975 um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað feli í sér ákvæði um skattheimtu og þurfi heimild í lögum til þess að setja hana.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 51, 1974, eins og henni var breytt með lögum nr. 31, 1975, má innheimta gatnagerðargjald af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Gjaldið má innheimta einu sinni af hverri fasteign, og skal verja því til þess að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til þess að leggja gangstéttir.

Fallast má á það með stefnda, að umrædd framkvæmd — lagning bundins slitlags á götu — sé ekki fasteignaeigendum við götuna einum til hagsbóta. Allir íbúar sveitarfélagsins kunna að njóta góðs af framkvæmdinni og þar með af gatnagerðargjaldinu. Svipaða sögu má segja um hina almennu fasteignaskatta sem lagðir eru á samkvæmt heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nú lög nr. 13, 1980.

Talið hefur verið, að almenni löggjafinn hafi heimild til þess að skattleggja ákveðna þjóðfélags- og hagsmunahópa á hlutlægan og málefnalegan hátt bæði til fullnægingar sérstökum þörfum svo og til almannaþarfa.

Verður talið, að almenni löggjafinn geti heimilað að leggja gjald á eigendur fasteigna við götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á, til þess að standa straum af kostnaði við slíka gatnagerðarframkvæmd, og skiptir ekki máli, hvenær slitlagið var lagt á götuna.

Samkvæmt lokamálslið tilvitnaðrar lagagreinar má gatnagerðargjaldið nema allt að meðalkostnaði við gatnagerðina.

Ákvæði þetta, og lögin um gatnagerðargjöld í heild, þykir verða að skýra þröngt með hliðsjón af áður tilvitnuðum lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ákvæðið segir berlega fyrir um hámark þeirrar fjárhæðar, sem jafna má niður á gjaldendur eftir reglum, sem nánar ákveðast í samþykkt, sbr. 5. gr. laganna.

Álagningarákvæði í 5. og 6. gr. reglugerðarinnar nr. 430, 1975 um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað, sem hér skipta máli, eru hins vegar ekki í tengslum við raunverulegan kostnað við gatnagerðina. Geta þau falið í sér lítt hefta möguleika til skattheimtu án tillits til kostnaðarins, sem um getur í lagaheimildinni.

Stefndi skoraði á stefnanda að gera grein fyrir, hver kostnaður var við lagningu bundins slitlags á Strandgötu á árinu 1973, en upplýsingar, sem liggja fyrir í málinu um þann kostnað, eru ófullnægjandi. Ekki liggur heldur fyrir fullnægjandi greinargerð um álagningu gjaldsins á fasteignir

við Strandgötu, sem hófst á árinu 1975. Hefur því ekki verið upplýst, hvort álögð gatnagerðargjöld á fasteignir við Strandgötu á Eskifirði eru hærri, lægri eða jafnhá kostnaði við gatnagerðina.

Framanraktir annmarkar á grundvallarákvæðum reglugerðarinnar nr. 430, 1975, sem álagningarákvæðin hljóta að vera, sbr. einnig t. d. 2. mgr. 3. gr. laganna og 9. gr. reglugerðarinnar, skoðaðir í ljósi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar eru svo alvarlegir að mati dómsins, að ekki verður hjá því komist að telja, að álagning B-gatnagerðargjaldsins, sem stefndi er krafinn um, skorti lagastoð.

Ber þess vegna að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.-.

Bogi Nilsson, bæjarfógeti kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Sigurmundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarsjóðs Eskifjarðar.

Stefnandi greiði stefnda kr. 4.000.- í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 10. apríl 1984.

Nr. 115/1982. **Ómar Sigtryggsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
**Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni f.h. Walter Ott**
(Hákon Arnason hrl.)

Skuldamál. Tékkar. Fjárnám.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. maí 1982. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæsta-